

<b>Dags. fundar:</b> 28. apríl 2014	<b>Tími:</b> 17.15.	<b>Nr. fundar:</b> 40
<b>Fundarboðari:</b> Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	<b>Fundarritari:</b> Björn Valdimarsson	<b>Staður:</b> Laugardalslaug.

**Efni fundar:**

1. IMOC 2. – 3. maí 2014.
2. Starfshlutfall félaga á SSÍ mótum.
3. Atburðardagatal – Asparmót.
4. Dómaranámskeið.
5. FINA Seminar.
6. Umsóknir á FINA lista #18.

**Viðstaddir:** Björn Valdimarsson, Ólafur Baldursson, Jón Hjaltason, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir og Hilmar Örn Jónasson.

**Boðuð forföll:** Gunnlaugur Þráinsson og Ragnhildur Guðjónsdóttir.

**Dagskrá:**

1. Ekki gengur nógu vel að manna IMOC sem haldið verður um næstu helgi. Þar sem um SSÍ mót er að ræða ber félögum að skila starfsmönnum sbr. 9. greinar II. kafla í Lög og reglum SSÍ. Þrátt fyrir að keppendur séu margir hverjir dómara er ekki æskilegt að þeir dæmi á mótum sem þeir eru að keppa á og jafnvel í sömu grein og þeir voru að keppa. Er vonandi að rætist úr starfsmannaskráningum fyrir helgina.
2. Í tengslum við skráningar starfsmanna frá félögum urðu vangaveltur um hvaða störf telja þegar heildarstarfsmanna skráningar eru skoðaðar yfir SSÍ mót? Geta mótshaldarar sem eru ýmis félög, skráð til starfa fólk frá sínum félögum í hvað sem er og fengið það talið sem framlag félagsins? Sbr. þulur fyrir SportTV. Að mati DMT-nefndar á formaður SSÍ og launaðir starfsmenn skrifstofu SSÍ ekki að vera skráðir sem starfsmenn félaga á SSÍ mótum. Þessi einstaklingar eru starfsmenn allra félaga undir SSÍ ekki einstakra félaga. Að mati DMT-nefndar gildir annað um stjórn SSÍ sem er öll sjálfboðaliðastarf.
3. Enn og aftur rekst Asparmótið á við annað mót í atburðardagatali SSÍ. Mælist DMT-nefndin til þess að uppsetningu dagatalsins sé það passað að mót séu ekki haldin sömu helgi eða a.m.k. ekki sömu dagana sbr. núna þegar IMOC er föstudag og laugardag og Asparmótið laugardag. Það eru t.d. nokkrar helgar búnar að vera lausar og eru lausar á þessu sundári svo það hlýtur að vera hægt að finna einhverja lausn á þessu. Við verðum að átta okkur á því að það er sama fólk sem kemur til með að vinna á þessum mótunum, hvort sem um er að ræða Asparmótið eða annað mót sömu helgi
4. Dómaranámskeið verður haldið í maí hjá ÍRB í tengslum við Landsbankamót ÍRB. Bóklegi hlutinn verður fimmtudaginn 8. maí og verklegi hlutinn á Landsbankamótinu 9.-11. maí. Munu Ólafur Baldursson og Jón Hjaltason kenna á því námskeiði. Einnig verður námskeið haldið í tengslum við Vormót Breiðabliks, bóklegi hlutinn fimmtudaginn 22. maí og verklegi

hlutinn 24. og 25. maí. Munu Jón Hjaltason og Björn Valdimarsson kenna á því námskeiði. Skrifstofa SSÍ verður fengin til að senda út tilkynningu um námskeiðin.

5. Komin er inn á vefsíðu FINA upplýsingar um 11. FINA World Swimming Officials Seminar sem haldið verður 19.-22. júní í Miami í USA. Hjá íslenskum yfirdómurum gæti verið áhugi fyrir ráðstefnunni en skráningu á hana lýkur 12. maí n.k. og verður því að bregðast fljótt við eigi að senda íslenskan yfirdómara á ráðstefnuna til að efla tengis og styrkja okkur betur í erlendu samstarfi.

[http://www.fina.org/H2O/index.php?option=com\\_content&view=article&id=4444&Itemid=1235](http://www.fina.org/H2O/index.php?option=com_content&view=article&id=4444&Itemid=1235)

6. Farið var yfir umsóknir sem borist hafa til setu á FINA lista #18 sem alþjóðlegir dómara eða ræsar. Umsækjendur innan nefndarinnar viku af fundi. Umsóknum verður vísað til stjórnar SSÍ til lokaafgreiðslu.

**Fundi slitið kl: 19.20. Næsti fundur:** mánudaginn 2. júní kl. 17.15 í Ásvallalaug, Hafnarfirði.